

## Fyrirspurn

til forseta Alþingis um endurskoðun löggjafar o.fl.

Frá Unni Brá Konráðsdóttur.

1. Hvernig er staðan á þeirri endurskoðun löggjafar, og eftir atvikum undirbúningi nýrrar löggjafar, sem Alþingi ályktaði 28. september 2010 (þskj. 1537 á 138. löggjafarþingi) að ráðist skyldi í og miða við að yrði lokið fyrir 1. október 2012, þ.e. á eftirfarandi:
  - a. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944,
  - b. lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991,
  - c. lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, og lögum um landsdóm, nr. 3/1963,
  - d. lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, upplýsingalögum, nr. 50/1996, og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996,
  - e. löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði,
  - f. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997,
  - g. löggjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi á vettvangi Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsaðila, og gerð viðbragðsáætlunar við fjármálaáfalli,
  - h. löggjöf um háskóla og fjölmiðla,
  - i. löggjöf um reikningsskil og bókhald,
  - j. lögum um endurskoðendur, nr. 79/2008,
  - k. stofnun sjálfstæðrar ríkisstofnunar sem fylgdist með þjóðhagsþróun og semdi þjóðhagsspá,
    - l. annarri löggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða með hliðsjón af tillögum þingmannanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða?
2. Hver er staðan á eftirtöldum rannsóknum og úttektum sem Alþingi samþykkti að ráðist skyldi í og verður þeim lokið fyrir 1. október 2012:
  - a. sjálfstæðri og óháðri rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, og heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna í kjölfar rannsóknarinnar,
  - b. sjálfstæðri og óháðri rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparissjóða á Íslandi frá því að viðskipti með stofnfé voru gefin frjáls og heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi sparissjóðanna í kjölfar þeirrar rannsóknar,
  - c. stjórnarsýsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands og á grundvelli hennar mat kosta og galla þess að sameina starfsemi stofnananna í þeim tilgangi að tryggja

heildaryfirsýn yfir kerfisáhættu, fjármálalegan stöðugleika og ábyrgð á samræmingu viðbragða?

3. Hvernig er eftirliti því sem fjallað er um í III. kafla ályktunarinnar háttað?

**Skriflegt svar óskast.**